



Reykjavíkurborg

Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Reykjavík, 17. september 2019
R19010267

Borgarráð

Svar við framhaldsfyrirspurn um greiðslur vegna starfsmannamála

Á fundi borgarráðs þann 20. júní 2019 var lögð fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokks og Flokks fólksins um greiðslur vegna starfsmannamála:

Hvað hefur Reykjavíkurborg greitt til yfirmanna/embættismanna varðandi starfslok/ólöglegar ráðningar/brottrekstur hjá borginni tæmandi talið ásamt dómsmálum 2019, 2018, 2017, 2016, 2015, 2014, 2013, 2012, 2011 og 2010?

Svar:

Varðandi greiðslur til yfirmanna/embættismanna er snúa að starfslokum er vísað í svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um starfslokasamninga sem lagt var fram í borgarráði þann 20. júní sl.

Leitað var til mannauðsdeilda fagsviða vegna þess hluta fyrirspurnarinnar er snýr að greiðslum til yfirmanna/embættismanna varðandi ólöglegar ráðningar/brottrekstur. Engar greiðslur hafa verið gerðar til yfirmanna/embættismanna á tímabilinu sem um ræðir vegna ólöglegra ráðninga, en Reykjavíkurborg hefur greitt vegna brottrekstar embættismanna/yfirmanna 3.745.352 kr.

Leitað var til Embættis borgarlögmanns við vinnslu þess hluta fyrirspurnarinnar er snýr að dómsmálum. Á árunum 2010-2019 var eitt mál rekið fyrir dómstólum en þar greiddi Reykjavíkurborg stefnanda 250.000 kr. auk dráttarvaxta.

Lóa Birna Birgisdóttir,
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

